

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 5 - 15.07. 2002

Mánudaginn 15. júlí, árið 2002 kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 17 í Áhaldahúsi Skagafjarðarveitna ehf.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Árni Egilsson, Gísli Árnason, Einar Gíslason og Páll Pálsson veitustjóri. Margeir Friðriksson ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Boranir við Kýrholt
2. Aðalfundur Fjölnets hf.
3. Bréf frá Guðmundi R. Stefánssyni og Birni Svavarssyni varðandi heimæðagjöld til sveita.
4. Rekstrarsamningur við Vatnsveitu Skagafjarðar
5. Gjaldskrá og reglugerð
6. Heimasíða

AFGREIÐSLUR:

1. Rætt um jarðhitaleit og tilraunaboranir við Kýrholt.
Stjórnin samþykkir að Páll Pálsson veitustjóri vinni áfram að málinu.
2. Samþykkt að þeir stjórnarmenn sem sjái sér fært að mæta á aðalfund Fjölnets hf., 24. júlí nk. fari með atkvæðisrétt hlutfallslega.
3. Lagt fram til kynningar bréf frá Guðmundi R. Stefánssyni og Birni Svavarssyni, dagsett 12. júlí 2002, varðandi heimæðagjöld til sveita.
4. Rekstrarsamningur á milli Skagafjarðarveitna ehf. og Vatnsveitu Skagafjarðar lagður fram til staðfestingar. Áður á dagskrá 5. júní 2002.
Stjórnin samþykkir afgreiðslu fyrri stjórnar.
5. Stjórnin samþykkir að fela veitustjóra að vinna að breytingum á reglugerð veitunnar vegna nafn- og formbreytinga á fyrirtækinu. Einnig að endurskoða gjaldskrá veitunnar.
6. Stjórnin samþykkir að fela veitustjóra að afla verðhugmynda í gerð heimasíðu fyrir Skagafjarðarveitur ehf.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundargerð lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl. 1850